

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð styrktar- og lánasjóðs til öflunar
atvinnuréttinda á skipum nr. 496, 27. desember 1984.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Fyrir hverja veitta undanþágu skal undanþáguhafi greiða ákveðið gjald, nú kr. 2 000,00 fyrir hvern byrjaðan mánuð þess tíma sem undanþágan gildir.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 112/1984 og 113/1984 öðlast gildi 1. janúar 1986, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. nóvember 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Gjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í hreppnum samkv. 2. gr. b-staflíð í samþykkt um hundahald í Bessastaðahreppi frá 30. desember 1981, skal vera kr. 2 000,00 fyrir árið 1986.

Handsömunargjald skal vera kr. 1 500,00 í hvert skipti.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda fyrir árið 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.